

Lagabreytingar o.fl.

Með lögum nr. 103/2000 og 104/2000 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með áorðnum breytingum. Lög nr. 104/2000 varða vörugjald við innflutning, en lög nr. 103/2000 varða bæði vörugjald við innflutning og af innanlandsframleiðslu.

Lög nr. 103/2000 tóku gildi 1. júlí sl. og fyrsta uppgjörstímabilið sem þau varða er því júlí-ágúst 2000.

Breytingarnar skv. lögum nr. 103/2000 eru þessar:

1. Breyttur gjaldflokkur

Vörugjald af kakaó- og súkkulaðivörum, sem áður var ýmist 15 eða 60 kr./kg, hefur verið samræmt og varð frá og með 1. júlí sl. 50 kr./kg.

Nánar tiltekið breyttist vörugjald í 50 kr. af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum:

1805.0001, 1805.0009, 1806.1000, 1806.2001,
1806.2003, 1806.2004, 1806.2005, 1806.2006,
1806.2009, 1806.3101, 1806.3109, 1806.3201,
1806.3202, 1806.3203, 1806.3209, 1806.9011,
1806.9012, 1806.9019, 1806.9023, 1806.9024,
1806.9025, 1806.9026, 1806.9028, 1806.9029,
1806.9039.

2. Brottfallið gjald

Vörugjald féll niður af ýmsum vörutegundum frá og með 1. júlí sl. Þannig féll vörugjald niður t.d. af snakki og poppkorni, ýmsum rafmagnsvörum, hjólbörum, steini til legsteinagerðar og skotvopnum.

Nánar tiltekið féll vörugjald niður af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum:

1904.1001, 1905.9030, 1905.9060, 2005.2003,
2008.1109, 2008.1900, 2008.9902, 6802.9102,
6802.9103, 6802.9202, 6802.9203, 6802.9302,

6802.9303, 6802.9902, 6802.9903, 6803.0001,
8428.1001, 8428.4000, 8431.3100, 8535.1000,
8535.2100, 8535.2900, 8535.3000, 8535.4000,
8535.9000, 8536.1000, 8536.2000, 8536.3000,
8536.4100, 8536.4900, 8536.5000, 8536.6100,
8536.6900, 8536.9000, 8537.1009, 8537.2000,
8538.1000, 8538.9000, 8716.8001, 8716.8009,
8716.9009, 9301.0000, 9302.0000, 9303.1000,
9303.9009, 9304.0000, 9305.1000, 9305.2900,
9305.9000, 9306.1000, 9306.9009, 9307.0000.

Ákvæði laga nr. 103/2000 taka til allra vara sem ótollafgreiddar voru við gildistökuna 1. júlí sl., þó ekki vara sem afhentar voru með bráðabirgðatollafgreiðslu, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki höfðu verið seldar eða afhentar þann dag.

Til minnis:

Rétt þykir að vikja að nokkrum atriðum sem algengt er að spurt sé um:

1. Vörugjald skv. lögum nr. 97/1987 skiptist í vörugjald af innflutningi og vörugjald af innanlandsframleiðslu. Vörugjald af innflutningi heyrir undir tollyfirvöld (www.tollur.is), en vörugjald af innanlandsframleiðslu heyrir undir skattfyfirvöld (www.rsk.is).
2. Svokölluð endurgreiðsla vörugjalds heyrir undir skattstjórnann í Reykjavík. Skattstjórninn í Reykjavík annast einnig skráningu á vörugjaldsskrá og útgáfu vörugjaldsskirteina fyrir landið allt. Að öðru leyti heyrir vörugjald af innanlandsframleiðslu undir skattstjóra í lögheimilisumdæmi gjaldanda.
3. Vörugjald af ökutækjum heyrir alfarið undir tollyfirvöld (lög nr. 29/1993).

Nánari upplýsingar veita gjaldaskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1112 og skattstjórar um land allt.

GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA